

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 17. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 88/41/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„18. **398 X 0257:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla (Stjtið. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.